FRAMFARAFÉLAG VESTFJARÐA / NÓVEMBER 2026

Vaxandi burðarstoð á brothættum grunni

Á innan við tveimur áratugum hefur fiskeldi orðið ein af burðarstoðum atvinnulífs á Vestfjörðum. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands fengu að meðaltali um 300 íbúar Vestfjarða laun úr greininni í hverjum mánuði árið 2025, sem er nær 1.500% fjölgun frá árinu 2008.

Á sama tíma hafa árlegar launagreiðslur til íbúa svæðisins aukist úr um 50 milljónum króna í tæplega 3,5 milljarða króna, nær sjötugfalt á verðlagi hvers árs.



Árið 2008 fengu að meðaltali aðeins 18 Vestfirðingar laun úr fiskeldi í hverjum mánuði. Árið 2025 voru þeir orðnir 293, nær sextánfalt fleiri.

Tölur Hagstofunnar sýna að uppbyggingin hefur haldið áfram. Fyrstu átta mánuði ársins 2026 fengu að meðaltali 318 Vestfirðingar laun úr fiskeldi í hverjum mánuði, samanborið við 286 á sama tímabili árið áður. Launagreiðslurnar námu jafnframt tæplega 2,6 milljörðum króna, samanborið við 2,2 milljarða á fyrstu átta mánuðum ársins 2025.


Áhrifin ná langt út fyrir eldisfyrirtækin sjálf. Uppbyggingin hefur skapað verkefni fyrir þjónustubáta, flutningafyrirtæki, netagerðir, vinnslu og margvíslega sérhæfða þjónustu. Þessi afleidda starfsemi er ekki að fullu talin með í tölunum um launþega í fiskeldi.

Á sama tíma hefur rekstur stærstu fyrirtækjanna verið þungur. Þau hafa ráðist í umfangsmiklar fjárfestingar, glímt við sveiflukennda afkomu og greiða jafnframt veruleg sértæk opinber gjöld. Áskorunin er því ekki aðeins að skapa fleiri störf, heldur að trskrifaðu yggja að sú atvinnuuppbygging sem þegar hefur átt sér stað standi á traustum grunni og geti haldið áfram að styrkja vestfirsk samfélög.

VESTFIRÐIR / 01

Sextánfalt fleiri launþegar


Þróunin frá 2008 til 2025 byggir á mánaðarlegum staðgreiðslugögnum Hagstofu Íslands, flokkuðum eftir lögheimili á Vestfjörðum.



MYND 1 • Meðalfjöldi einstaklinga sem fékk greidd laun í fiskeldi í hverjum mánuði, 2008–2025. Heimild: Hagstofa Íslands, staðgreiðslugögn.

Árið 2008 fengu að meðaltali 18 einstaklingar með lögheimili á Vestfjörðum laun úr fiskeldi í hverjum mánuði. Árið 2025 voru þeir 293. Launafólki í fiskeldi fjölgaði því um 1.491% á sautján árum. Þetta eru að meðaltali um 274 fleiri launþegar á mánuði en í upphafi tímabilsins. Tölurnar sýna fjölda launþega, ekki ársverk.

Launagreiðslurnar jukust enn hraðar



MYND 2 • Samtala staðgreiðsluskyldra launagreiðslna í fiskeldi til fólks með lögheimili á Vestfjörðum. Milljónir króna á verðlagi hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands.


Árlegar launagreiðslur úr fiskeldi til íbúa Vestfjarða jukust úr 50 milljónum króna árið 2008 í 3.482 milljónir árið 2025, nær sjötugfalt á verðlagi hvers árs. Það eru nú milljarðar króna sem renna til fólks á svæðinu á hverju ári.

Á bak við aukninguna eru bæði fleiri launþegar, hærri laun og breytt samsetning starfa. Hér er um fjárhæðir á verðlagi hvers árs að ræða, ekki verðbólguleiðréttan vöxt.

VESTFIRÐIR / 02

Launin hafa vaxið með greininni

Launagreiðslur á hvern launþega í vestfirsku fiskeldi, bornar saman við almenna launavísitölu á Íslandi.




MYND 3 • Vísitölur með grunn 2008 = 100. Tölurnar í grafinu eru vísitölustig, ekki fjárhæðir í krónum. Appelsínugul lína: heildarlaunagreiðslur deilt með samtölu mánaðarlegra launþegatalna. Blágræn lína: launavísitala Hagstofu Íslands, ársmeðaltöl.

Reiknuð mánaðarleg launagreiðsla á hvern launþega hækkaði úr um 226 þúsund krónum árið 2008 í um 991 þúsund árið 2025, eða um 338%. Það er tæplega 4,4-földun á verðlagi hvers árs.

Almenn launavísitala landsins rúmlega þrefaldaðist á sama tíma. Hér er þó um greiðslur á hvern skráðan launþega að ræða, ekki meðalgrunnlaun fyrir fullt starf; vinnumagn og samsetning starfa geta einnig haft áhrif.

Vöxturinn heldur áfram árið 2026



MYND 4 • Janúar–ágúst 2025 og 2026. Vinstra graf: launagreiðslur, milljónir króna. Hægra graf: meðalfjöldi launþega á mánuði. Mismunandi kvarðar, sambærileg tímabil.


Fyrstu átta mánuði ársins 2026 fengu að meðaltali 318 Vestfirðingar á mánuði laun úr fiskeldi, samanborið við 286 sömu mánuði árið áður. Það er 11,2% fjölgun á einu ári.

Launagreiðslurnar hækkuðu jafnframt úr 2.221 milljón króna í 2.576 milljónir, eða um 16%. Þrátt fyrir erfiða afkomu eldisfyrirtækjanna hélt starfsemin því áfram að skapa fleiri störf og meiri launatekjur á svæðinu.

VESTFIRÐIR / 03

Íbúum hefur fjölgað frá lágpunkti

Vestfirðir eru fámennur landshluti. Þar getur fjölgun um nokkur hundruð störf breytt miklu fyrir heimili, fyrirtæki og heilu byggðarlögin.



MYND 5 • Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1. janúar 2008, 2017 og 2025. Aðeins þrír staðfestir viðmiðunarpunktar eru sýndir; súlurnar eru ekki samfelld árleg röð. Heimild: Hagstofa Íslands og opinberar byggðaskýrslur.

Íbúar Vestfjarða voru 7.336 í ársbyrjun 2008, 6.870 árið 2017 og 7.176 í ársbyrjun 2025.

Íbúum Vestfjarða fjölgaði um 306, eða 4,5%, frá 2017 til 2025. Fiskeldi er aðeins einn þáttur þeirrar þróunar; meðal annarra hafa Kerecis og ferðaþjónusta byggt upp störf og þekkingu á svæðinu.

Því er ekki hægt að rekja fólksfjölgunina til fiskeldis eins, en nýju störfin hafa breikkað atvinnugrunn fjórðungsins.



Áhrifin ná einnig til vinnslu, flutninga, viðhalds og sérhæfðrar þjónustu. Óbein störf eru ekki talin með í launþegatölum greinarinnar.

Atvinna sem nær út fyrir eldiskvíarnar


Vöxturinn skilar sér einnig í verkefnum hjá birgjum og þjónustufyrirtækjum. Vinnsla, viðhald, hafnarþjónusta, flutningar og sérhæfðir bátar eru hluti atvinnukeðjunnar.

Áhrifin eru meiri en fjöldi þeirra sem þiggja laun beint úr fiskeldi, en óbein störf verða ekki talin nákvæmlega án sérstakrar greiningar.

VESTFIRÐIR / 04

Fiskeldi stendur undir nær 9% launagreiðslna

Launatekjur úr fiskeldi hafa vaxið mun hraðar en launagreiðslur á Vestfjörðum í heild. Ný samanburðargögn sýna hvernig greinin hefur á sautján árum tekið sífellt stærri sess í atvinnulífi fjórðungsins.



MYND 6 • Hlutdeild fiskeldis í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum og í meðalfjölda allra launþega á Vestfjörðum, 2008–2025. Árleg hlutföll. Heimildir: Hagstofa Íslands, TEK02004, og útreikningar Framfarafélags Vestfjarða.

Árið 2025 námu staðgreiðsluskyldar launagreiðslur til Vestfirðinga samtals 39,3 milljörðum króna. Þar af komu 3,48 milljarðar úr fiskeldi, eða 8,9%. Árið 2008 var hlutdeild greinarinnar aðeins 0,35%.

Á sama tíma fór hlutdeild fiskeldis í mánaðarlegum fjölda launþega úr 0,5% í 7,2%. Fyrstu átta mánuði ársins 2026 var hlutur greinarinnar í heildarlaunagreiðslum kominn í um 9,3%, en þar er aðeins borið saman sama tímabil innan árs.

Afleidd atvinnustarfsemi ekki talin með


Á opinberum fundi Vestfjarðastofu í maí 2025 nefndi framkvæmdastjóri Arctic Fish að starfsmönnum Hampiðjunnar á Ísafirði hefði fjölgað úr fjórum í þrjátíu og að um 60 manns ynnu á brunn- og þjónustubátum tengdum eldinu.

Ætla má að afleidd störf í flutningum, netagerð, viðhaldi og annarri þjónustu hafi fjölgað samhliða uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum. Heildaráhrif greinarinnar á atvinnulíf svæðisins kunna því að vera talsvert meiri en tölurnar um beina launþega gefa til kynna, þótt nákvæmt mat á fjölda afleiddra starfa liggi ekki fyrir.

VESTFIRÐIR / 05

Í Vesturbyggð kemur fjórðungur launanna úr fiskeldi

Hlutdeild fiskeldis er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Skipting eftir lögheimili launþega sýnir hvar atvinnugreinin vegur þyngst í tekjum heimilanna.



MYND 7 • Hlutdeild fiskeldis í staðgreiðsluskyldum launagreiðslum eftir sveitarfélögum á Vestfjörðum árið 2025. Kóralpunktar sýna hlutdeild launþega þegar allar 12 mánaðartölur liggja fyrir. Í Súðavíkurhreppi var fjöldi aðeins birtur fyrir fjóra mánuði og í Árneshreppi var talan ekki birt; því er ekki reiknað ársmeðaltal fyrir þau sveitarfélög. Í Árneshreppi voru launagreiðslur aðeins birtar fyrir átta mánuði; 5,4% er því ekki staðfest ársheildarhlutfall. Heimild: Hagstofa Íslands, TEK02004.

Árið 2025 komu 24,6% allra staðgreiðsluskyldra launagreiðslna í Vesturbyggð úr fiskeldi, alls 1.918 milljónir króna. Þar fengu að meðaltali um 160 íbúar laun úr greininni á mánuði, eða 20,4% allra launþega sveitarfélagsins.


Í Bolungarvík námu launagreiðslur úr fiskeldi 507 milljónum króna, eða 9,1% allra launagreiðslna. Að meðaltali fengu þar 44 íbúar laun úr greininni á mánuði, sem samsvarar 7,9% launþega. Í Ísafjarðarbæ námu launagreiðslurnar 950 milljónum króna, eða 4,5% af heildinni, og voru launþegar í fiskeldi að meðaltali 78 á mánuði, eða 3,6% allra launþega.

Í Súðavíkurhreppi komu 9,3% launagreiðslna úr fiskeldi, alls 95 milljónir króna, en í Árneshreppi námu birtar launagreiðslur 15 milljónum króna, eða 5,4% af heild ársins; gögn vantar fyrir fjóra mánuði.

Tölurnar miðast við lögheimili fólks en ekki staðsetningu fyrirtækjanna. Þær sýna því hvar fiskeldislaunin renna til heimila og geta myndað skattstofn fyrir sveitarfélögin.

Mikil atvinnuuppbygging en þungur rekstur


Á sama tíma og störfum og framleiðslu hefur fjölgað hefur afkoma stærstu eldisfyrirtækjanna verið þung. Það vekur áhyggjur af því hversu traustur grundvöllurinn er undir þessari atvinnuuppbyggingu.



MYND 8 • Hreinn hagnaður/tap í milljónum evra eftir skatta, 2023–2025. Um samstæðuuppgjör er að ræða; Kaldvík starfar á Austfjörðum. Heimildir: ársreikningar Arctic Fish, Icelandic Salmon/Arnarlax og Kaldvíkur.

Árið 2023 skiluðu Arctic Fish, Icelandic Salmon og Kaldvík lítilsháttar samanlögðum hagnaði. Árið 2024 varð tap þeirra rúmar 31 milljón evra og 2025 fór það yfir 90 milljónir evra. Áhrifaþættirnir eru margir: líffræðileg afföll, markaðsverð, fjármagnskostnaður og matsbreytingar á lífmassa.

Samanlagt tap þriggja samstæðna




MYND 9 • Samanlögð afkoma þriggja samstæðna eftir skatta, milljónir evra. Arctic Fish og Icelandic Salmon / Arnarlax töpuðu samtals 49,9 milljónum evra 2025. Tölurnar eru samstæðuafkoma, ekki einangrað tap á Vestfjörðum eða rekstrarframlegð.

VESTFIRÐIR / 07


Arctic Fish: meiri framleiðsla, erfið afkoma

Vöxtur Arctic Fish sýnir vel hversu hratt ný atvinnustarfsemi getur byggst upp, án þess að hagnaðurinn fylgi sjálfkrafa með.



MYND 10 • Slátrað magn Arctic Fish, tonn, 2019–2025. Heimild: Ársskýrsla Arctic Fish 2025, bls. 8 og 18.

Árið 2025 slátraði Arctic Fish 14.791 tonnum, nær 39% meira en árið áður og um fjórfalt meira en árið 2019. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2026 var slátrað 15.613 tonnum, meira en allt árið 2025. Sláturhúsið í Bolungarvík er áþreifanlegt dæmi um fjárfestingu sem skapar störf, eykur vinnslu á svæðinu og styrkir innviði þess.




MYND 11 • Hagnaður eða tap Arctic Fish eftir skatta, milljónir evra. Heimildir: ársreikningar Arctic Fish 2023–2025.

Afkoman hefur þó sveiflast: Arctic Fish tapaði 12,9 milljónum evra árið 2023, hagnaðist um 2,6 milljónir árið 2024 en tapaði 25,1 milljón árið 2025. Meira framleitt magn hefur því ekki nægt til að tryggja arðbæran rekstur.

VESTFIRÐIR / 08

Rekstrarþrýstingur og sértæk gjöld

Afkoma Arctic Fish batnaði milli ára á fyrstu níu mánuðum 2026, en reksturinn skilar enn tapi.



MYND 12 • Rekstrarafkoma Arctic Fish (Operational EBIT), milljónir evra, 1.–3. ársfjórðungur 2026. Heimild: Arctic Fish, uppgjörskynning 4. nóvember 2026.

Á öðrum ársfjórðungi 2026 var rekstrarafkoma Arctic Fish (Operational EBIT) neikvæð um 3,1 milljón evra, þótt slátrað magn hefði aukist um 177% frá sama tímabili árið áður.

Á þriðja ársfjórðungi var rekstrarafkoman neikvæð um 4,2 milljónir evra, samanborið við 6,6 milljónir á sama fjórðungi 2025. Fyrstu níu mánuði ársins var hún neikvæð um 5,3 milljónir evra, samanborið við 10,5 milljónir árið áður. Þótt afkoman hafi batnað er reksturinn því enn undir þrýstingi.

Sértæk gjöld og framlög til innviða

Þótt afkoman hafi batnað milli ára þurfa fiskeldisfyrirtækin að greiða sértæk gjöld samhliða mikilli uppbyggingu.

Samkvæmt samantekt Arctic Fish, sem Bæjarins besta greindi frá, námu slík gjöld um 1,5 milljörðum króna hjá vestfirskum eldisfyrirtækjum vegna ársins 2025.

≈ 1,5 ma.kr.

Sértæk gjöld 2025

Áætlað af greininni fyrir Vestfirði

340,4 m.kr.

Innviðaúthlutun 2026

Úr Fiskeldissjóði til Vestfjarða

Úthlutunin 2026 er samþykktur styrkur til sveitarfélaga vegna innviða, ekki endurgreiðsla gjalda ársins 2025. Stofnar, tímabil og viðtakendur eru ólíkir. Heimildir: Bæjarins besta (5.2.2026) og atvinnuvegaráðuneytið (22.4.2026).

Ábyrgur vöxtur krefst þess að fyrirtækin standi undir áframhaldandi fjárfestingum, góðum störfum og kröfum um fiskheilbrigði og umhverfi.

Gjaldtakan er einn þáttur í þeirri mynd, en ekki einhlít skýring á tapi fyrirtækjanna.

VESTFIRÐIR / 09

Hvað þarf til að treysta undirstöðurnar?

Til að varðveita störfin og launatekjurnar þarf greinin að geta staðið undir ábyrgum og arðbærum rekstri.

Líffræðilegt öryggi. Minni afföll, betri fiskheilsa og varnir gegn sjúkdómum og laxalús draga úr rekstraráhættu og umhverfisáhrifum.

Fyrirsjáanlegt regluverk. Skýrir leyfisferlar, stöðugt eftirlit og strangar kröfur um náttúruvernd gera fjárfestingar fyrirsjáanlegri.

Sterkari innviðir og framleiðni. Hafnir, raforka, vegir og vinnsluaðstaða þurfa að fylgja uppbyggingunni; bætt tækni getur lækkað kostnað.

Samkeppnishæf gjaldtaka. Meta þarf áhrif sértækra gjalda samhliða fjárfestingarþörf, sveiflum í afkomu og hlutdeild samfélagsins í auðlindanýtingu.

NIÐURSTAÐA / FRAMFARAFÉLAG VESTFJARÐA

Það þarf að verja verðmætasköpunina ...

- Fiskeldi hefur á sautján árum vaxið úr litlum atvinnurekstri í mikilvæga tekjulind fyrir hundruð Vestfirðinga og skapað verkefni hjá fyrirtækjum í ýmiss konar þjónustu og vinnslu.

- Vöxturinn sést skýrt í launum fólks. Meðalfjöldi launþega á mánuði fór úr 18 árið 2008 í 293 árið 2025, sem er 1.491% fjölgun. Árlegar launagreiðslur nær sjötugfölduðust á verðlagi hvers árs og námu 3,48 milljörðum króna 2025.

- Atvinnuuppbyggingin stendur á viðkvæmum grunni. Arctic Fish og Icelandic Salmon / Arnarlax töpuðu samanlagt 49,9 milljónum evra árið 2025. Sértæk gjöld falla jafnframt til í greininni, þótt rekstrarafkoman sé neikvæð.

... en horfast í augu við rekstrarskilyrðin

- **Tryggja þarf arðbæran og ábyrgan rekstur.** Fyrirtækin verða að geta staðið undir störfum, launum, fjárfestingum og kröfum um fiskheilbrigði, dýravelferð og náttúruvernd.
- Bæta þarf forsendur arðbærs rekstrar. Fyrirsjáanlegt regluverk, sterkari innviðir, minni líffræðileg áhætta og gagnsætt mat á sértækri gjaldtöku þurfa að vinna saman.

- Ávinningurinn nær út fyrir eldisfyrirtækin. Flutningar, þjónustubátar, netagerð, vinnsla og sérhæfð þjónusta skapa störf og færni á svæðinu. Það styrkir atvinnuval og möguleika fólks til að setjast að og byggja sér framtíð á Vestfjörðum.
- **Verkefnið er sameiginlegt.** Stjórnvöld, sveitarfélög og fyrirtæki þurfa að treysta rekstrargrundvöllinn svo störfin, tekjurnar og tækifærin sem byggst hafa upp á Vestfjörðum geti haldist til framtíðar.

VESTFIRÐIR / VIÐAUKI

Talnagögn og aðferð

Niðurstöður hér eru unnar úr mánaðarlegum Hagstofugögnum og birtum ársreikningum. Taflan hér að neðan gerir lykilmyndritin rekjanleg.

Ár	Launþegar / mán.	Launagreiðslur m.kr.	Þús. kr. / launþega-mán.
2008	18,4	50	226
2009	21,3	62	242
2010	26,2	80	255
2011	31,6	121	319
2012	56,3	251	371
2013	63,6	289	379
2014	81,0	405	417
2015	92,6	541	487
2016	132,2	901	568
2017	140,8	1.040	616
2018	144,5	1.039	599
2019	155,2	1.233	662
2020	167,2	1.444	720
2021	180,1	1.860	861
2022	213,3	2.084	814
2023	241,0	2.633	910
2024	278,5	3.266	977
2025	292,8	3.482	991

Taflan sýnir heildarlaunagreiðslur á verðlagi hvers árs. „Þús. kr./launþega-mán.“ er reiknað sem heildarlaun ársins deilt með samtölu launþegatalna yfir alla mánuði. Það er ekki meðaltal launa fyrir fullt starf.

Heimildir

1. Hagstofa Íslands, staðgreiðsluskyldar launagreiðslur eftir atvinnugreinahópum og búsetu, frá 2008 (TEK02004), Excel-útflutningur 23. og 26. október 2026.

2. Hagstofa Íslands, launavísitala, ársmeðaltöl frá 1989 (LAU04200). Árgildi 2008–2025 endurbirt í samantekt Reykjavik Tours: reykjavik.tours/research/average-salary-in-iceland/.

3. Hagstofa Íslands, mannfjöldi eftir landshlutum, 2008, 2017 og 2025; Vestfjarðastofa / VSÓ Ráðgjöf og Urbana, Vestfirðir og Vestfirðingar – stöðumat, maí 2026, bls. 37–38.

4. Arctic Fish, Annual Report 2023, 2024 og 2025; Q2 Report 2026; Q3 Trading Update, 19.10.2026; Q3 2026 Presentation, 4.11.2026.

5. Icelandic Salmon AS / Arnarlax, Consolidated Annual Reports 2023–2025.

6. Kaldvík, Annual Reports 2024–2025 (með samanburðartölum ársins 2023).

7. Bæjarins besta, „Laxeldi verði meira en í Færeyjum“, 19. maí 2025 (dæmi um Hampiðjuna og þjónustubáta; frásögn Daníels Jakobssonar).

8. Bæjarins besta, „Eldisgjald: vestfirsk fyrirtæki greiddu 1,5 milljarð kr. í fyrra“, 5. febrúar 2026 (upplýsingar frá eldisfyrirtækjunum).

9. Atvinnuvegaráðuneytið, „Úthlutun úr Fiskeldissjóði árið 2026“, 22. apríl 2026 (340,375 m.kr. til Vestfjarða).